

Hvernig vinnum við með farsæld barna í Þjórsárskóla.

1. stigs þjónusta í tveimur þrepum. Eftir það tekur við þjónusta á 2. stigi eins og skólaþjónusta, félagsþjónusta eða jafnvel barnavernd á 3. stigi sem dæmi.

1. þrep er innan skólans.

A. Áhyggjur vakna

Samráð foreldra og umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa, sérgreinakennara

Lausnaleit – umsjónarkennari og foreldri leita lausna, skrá og vinna með námsmarkmið.

B. Viðbót innan skólans

Aðkoma sérkennara/sálfræðing (tengiliður) skólans

Foreldrar og umsjónarkennari leita frekari ráða hjá sérkennara.

Námsmarkmið/einstaklingsnámskrá skráð og skipulögð vinna í samræmi við það.

Endurmat með foreldri, umsjónarkennar (öðrum kennurum) og sérkennara.

Hópurinn ákveður framhaldið.

Unnið með úrræðalista 1.stigs sem á við innan skólans.

2. þrep er samstarf við aðra utan skóla en samt á 1. stigi skv. farsæld barna.

Annað hvort er hægt að senda inn beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns, samþykki um upplýsingamiðlun eða tilvísun á ráðgjafa/sérfræðing skólaþjónustu. Mögulega er málið rætt í nemendaverndarráði en ekki endilega.

Sérkennari (tengiliður) sendir gögn á viðeigandi stað eftir að samþykki liggur fyrir frá foreldrum.

Teymisvinna með foreldrum, umsjónarkennara, sérkennara, ráðgjafa. Einstaklingsnámskrá notuð og úrræði sem eru til taks.

Teymi endurmetur einstaklingsnámskrá og ákveður framhald. Sérkennari (tengiliður) heldur utan um vinnuna.

Möguleiki er að loknu 2. þrepi að þjónusta við barnið í þágu farsældar fari yfir á 2. stig og málstjóri taki við málinu. Þá getur enn verið sérkennsla og stuðningur í skóla og stuðningur utan skóla til viðbótar. Tengiliður fylgir máli eftir yfir á 2. stig ef það á við.

Tengiliður farsældar barna.

Tengiliður Þjósárskóla í þágu farsældar barna er Ingibjörg María Guðmundsdóttir sérkennari og sálfræðingur skólans.

Tengiliður er nokkurs konar leiðsögumaður fyrir fjölskylduna. Hann leiðir þau áfram og greiðir leið þeirra í gegnum oft flókin kerfi sem koma að þjónustu við barnið. Þetta getur falið í sér að tengiliður bendir á eða tengir foreldra og/eða barn við úrræði í öðrum kerfum. Ef samþætting þjónustu er í þágu farsældar barnsins gerir tengiliður farsældar frummat á þjónustubörf. Í kjölfarið skipuleggur hann og fylgir eftir markvissri samvinnu þjónustuveitenda um snemmtækan stuðning. Valdefling og þátttaka foreldra er grunnurinn að góðu samstarfi og árangri.

Hlutverk tengiliðar er að:

- vinna að hagsmunum barnsins
- vera í samstarfi við foreldra og barn
- veit fjölskyldum og öðrum upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna
- aðstoða við frummat á þörfum barns
- skipuleggja og fylgja eftir samþættri þjónustu á fyrsta stigi fyrir barn
- koma upplýsingum áfram um þörf fyrir málstjóra og fylgir málum eftir
- taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.

Þjónusta út frá farsældarlögum til að styðja við farsæld barna getur annars vegar verið miðlun upplýsinga og hins vegar samþætting þjónustu í þágu farsældar barnsins.

Miðlun upplýsinga á milli ólíkra aðila sem koma að barni er möguleg án samþættingar. Þá er fyllt út eyðublað sem heimilar þeim sem veita þjónustu til barns að taka saman upplýsingar um aðstæður barns og miðla til tengiliðar. Eyðublaðið afmarkar leyfið við ákveðna aðila á ákveðinn hátt. Tilgangur upplýsingamiðlunar er að bæta þjónustu við barnið.

Eyðublað um miðlun upplýsinga: <https://www.bofs.is/media/almenningu/BOFS-Beidni-um-midlun-upplysinga.pdf>

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barns er þegar barn þarf einstaklingsmiðaðan stuðning með aðkomu ólíkra kerfa. Þá er fyllt út eyðublað um ósk um samþættingu. Það felur í sér leyfi fyrir tengiliði, málstjóra og þeim sem veita þjónustu í þágu farsældar barns að vinna upplýsingar um barn til að tryggja samfellda, samþætta og skipulagða þjónustu.

Eyðublað fyrir beiðni um samþætta þjónustu: <https://www.bofs.is/media/almenningu/BOFS-Beidni-um-samthaettingu-thjonustu.pdf>

Úrræðalista Þjórsárskóla:

1. Stuðningur inni í bekk (stuðningsfulltrúi) til aðstoðar barni
2. Sérkennsla eftir almennum markmiðum
3. Viðtöl við námsráðgjafa
4. Einstaklingáætlun inni í bekk
5. Einstaklingsnámskrá og sérkennsla
6. Hóppjálfun með fáum nemendum
 - a. ART
 - b. Sjálfsmat/öryggi/kvíði
 - c. Námstækni
7. Einstaklingsþjálfun
 - a. Námsmarkmið út frá námsgreinum
 - b. Líðan og/eða hegðun
 - c. Félagsfærni
8. Foreldapjálfun
 - a. Uppeldi barna með einkenni kvíða
 - b. Uppeldi barna með ADHD
 - c. Uppeldi almennt – rúttínur og samvera
9. annað